

Rangárþing ytra
b/t Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 7. mars 2019
UST201902-295/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Svínhagi – Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélags er barst 27.febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Svínhaga í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða deiliskipulag á verslunar- og þjónustureit, VP29, sem staðsettur er á jörðinni Svínhagi og er skipulagssvæðið um 157 ha að stærð.

Auk þess kemur fram að í fyrirhuguðu deiliskipulagi verður gerð grein fyrir aðkomuvegi, bílastæðum, allt að 600 m² þjónustubyggingu og 20- 25 gistihús sem hvert um sig er um 70 m² að stærð. Samtals byggingarmagn innan skipulagsreitsins í Svínhaga er því áætluð um 2.350 m².

Hraun

Í greinargerð kemur fram að svæðið sem tillagan nær til sé hraun og er svæðinu lýst sem hrauni sem er nær sléttfullt af foksandi. Umhverfisstofnun telur að hraunið falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir

eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Umhverfisstofnunar telur að hraunsvæðið sem er hér til umfjöllunar sé ekki að öllu leyti sandorpið og framkvæmdin réttlæti því ekki röskun á því. Það er mat Umhverfisstofnunar er sú að tillagan sýni ekki fram á nægilega sterk rök sem réttlætir röskun á ofangreindu verndarsvæði sem skipulagstillagan nær til.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint fer stofnunin fram á það, með vísan til 5. mgr. 61. gr., að leyfisveitandi rökstyðji þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af úttekni leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruferirbæri sem verða fyrir röskun.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um úrgangsmál í tillögunni og bendir stofnunin á landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2013-2024 og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í áætluninni eru sett fram tímasett markmið sem öll miða að því að bæta nýtingu auðlinda og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem myndun og meðhöndlun úrgangs hefur á umhverfið og heilsu manna.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllt

Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

